

Ársskýrsla Fuglaverndar 2021

Lögð fram á aðalfundi í Reykjavík 31. mars 2022

Aðalfundur Fuglaverndar 2021 var haldinn í sal Barðstrendingafélagsins þann 15. apríl 2021. Allir stjórnarmenn gáfu kost á sér áfram og voru engin mótframboð. Skoðunarmaður reikninga var tilnefndur Gunnlaugur Júlíusson og Jóhann Óli Hilmarsson til vara. Árgjald var óbreytt. Um áramót voru skráðir félagsmenn 1285 og er þá fjölskylduaðild tekin sem einn félagsmaður.

Stjórn Fuglaverndar var skipuð sem hér segir: Ólafur Karl Nielsen formaður, Menja Von Schmalensee varaformaður, Daníel Bergmann gjaldkeri, Trausti Gunnarsson ritari og meðstjórnendur Erpur Snær Hansen, Snæþór Aðalsteinsson og Skarphéðinn G. Þórisson. Stjórnin hélt fjóra fundi á árinu.

Rekstur

Skrifstofa Fuglaverndar er í húsnæði félagsins að Hverfisgötu 105. Framkvæmdastjóri í fullu starfi er Hólmfríður Arnardóttir. Um áramótin 2021-22 hætti Dögg Matthíasdóttir eftir farsælt starf í 5 ár. Guðrún Lára Pálmadóttir kom tímabundið til starfa í 4 mánuði eftir að Dögg hætti. Í maí kom til starfa Anna-María Lind Geirsdóttir í 60% starf skrifstofu- og kynningarstjóra og er enn. Árgjöld félagsmanna og rausnarlegir styrkir frá Konunglega breska fuglaverndarfélaginu (RSPB) og Umhverfis- og auðlindaráðuneyti stóðu undir rekstri félagsins.

Umsagnir og umvandanir!

Fuglavernd sendi frá sér ellefu umsagnir og umvandanir vegna umhverfismála 2021 og um það má lesa á vef félagsins: https://fuglavernd.is/heim/um-fuglavernd/alyktanir_umsagnir/. Þetta voru m.a. :

- Sent 28. janúar 2021 til VSÓ ráðgjafar: umsögn Fuglaverndar um drög að tillögu að matsáætlun vegna færslu hringveggar um Mýrdal.
- Sent 9. febrúar 2021 til nefndarsviðs Alþingis: umsögn Fuglaverndar um frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
- Sent 11. febrúar 2021 til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur: varðaði auglýsta tillögu að endurnýjun starfsleyfis fyrir Skotfélag Reykjavíkur á Álfsnesi.
- Sent 29. apríl 2021 til nefndarsviðs Alþingis: umsögn Fuglaverndar um þingsályktunartillögu um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands.
- Sent 11. júní 2021 til skrifstofu Bernarsamningsins: kvörtun vegna landsáætlunar í skógrækt og hvernig þar er ekki tekið tillit til niðurstaðna Bernar- og AEWA-samninganna nr. 190 frá 2016 um vernd fugla og búsvæða þeirra á Íslandi og skógrækt. Kvörtunin var tekin fyrir á fundi Bernarsamningsins í desember 2021. Því miður var niðurstaða Bernarsamningsins að aðhafast ekki að sinni.
- Sent 17. júní 2021 til umhverfis- og auðlindaráðherra frá BirdLife International: Adverse biodiversity impacts of the draft Icelandic nation-wide plan for forestry.
- Sent 18. júní 2021 athugasemdir til verkefnisstjórnar um landsáætlun í skógrækt.

- Sent 31. ágúst 2021 til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis: umsögn um mál nr. 160/2021, „Breyting á reglugerð um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum“ þar sem lögð var til breyting á veiðitíma helsingja.
- Sent 4. október 2021 til Gunnars Einarssonar bæjastjóra Garðabæjar: athugasemdir Fuglaverndar og Landverndar við skipulag á Álftanesi – varðaði áform um golfvöll á Norðurnesi.
- Sent 11. október 2021 til Skútustaðahrepps: athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 og drög að deiliskipulagi Skjólbrekku við Skútustaði.
- Sent 10. desember 2021 til Umhverfisstofnunar: athugasemdir við auglýsingu um friðlýsingu Bessastaðaness.
- Stuðningur við systurfélag Fuglaverndar á Kýpur í baráttu þeirra gegn smáfuglaveiðum þarlandra.

Vefur og samfélagsmiðlar

Heimsóknir á fuglavernd.is voru að meðaltali 2.700 (2058)¹ á mánuði, samtals 32.507 (24.700) heimsóknir yfir árið. Síðuflettingar voru að meðaltali 17.000 (11.150) á mánuði, samtals 268.270 (204.400) yfir árið. Hver notandi skoðaði að meðaltali 6.15 (6.39) síður í heimsókn. Notkun á síðunni hefur aukist á milli ára. 18% gesta koma aftur á síðuna.

Fuglavernd átti samskipti á þremur samfélagsmiðlum á árinu í eigin nafni, á Facebook, Twitter og Flickr. Á Facebook eru þrjár síður að auki sem við sjáum að einhverju eða öllu leyti um. Einnig á fuglavernd nú lénin: Protectpuffins.is og fuglarsins.is

Facebook síður og hópur	1.01.2021	31.12.2021	% breyting
https://www.facebook.com/Fuglavernd/	5023	5210	3,7
https://www.facebook.com/fridlandidivatnsmyrinni	329	344	4,5
https://www.facebook.com/svartaibardardal/	907	-	-
https://www.facebook.com/groups/fuglafodrun/	2938	4760	62

<https://twitter.com/fuglavernd>

Fylgjendur: **473** (430)

<https://www.linkedin.com/company/fuglavernd-birdlifeiceland/>

Fylgjendur: **10** (22)

https://www.youtube.com/channel/UC5z0paigI8ab-Dtc8p5yAFA?view_as=subscriber

Áskrifendur: **15** (15)

<https://www.flickr.com/photos/fuglavernd/>

Fylgjendur: **16** (16)

¹ Tölur í sviga eru frá árinu áður til samanburðar.

Friðlandið í Flóa

Nokkur starfsemi var í Friðlandinu í Flóa, m.a. voru þar vinnudagar 2. maí og svo aftur 2. október. Að auki var fuglaskoðun með leiðsögn 16. og 23. júní og svo aftur 8. júlí. Bæklingur á ensku um Friðlandið kláraðist. Viðræður voru við sveitarfélagið Árborg um formlega friðlýsingu þess, stækkun og stefnumótun.

Njarðvík og Hafnarhólmi

Fuglavernd réðist í það verkefni að láta hanna og setja upp fræðsluskilti í Hafnarhólma á árinu. Þetta var eitt stórt fræðsluskilti um sögu Hólmans og 12 minni fuglaskilti þar sem algengum tegundum var lýst í máli og myndum. Viðræður voru við heimastjórn Borgarfjarðar eystri um mögulega gjaldtöku í Hafnarhólma en ákveðið var að fresta henni fram til ársins 2022.

Erlent samstarf

Áframhaldandi samstarf var við Konunglega Breska Fuglaverndarfélagið (RSPB) á árinu. Aðaltengiliður okkar við RSPB er Zbig Karpowicz. Zbig koma tvisvar í heimsókn á síðasta ári. Í fyrri heimsókninni var fundað með ýmsum aðilum, m.a. framkvæmdastjóra skrifstofu CAFF á Akureyri. Í seinni heimsókninni kom Zbig ásamt með Nick Folkard sérfræðingi í fjáröflun hjá RSPB og hélt hann námskeið fyrir áhugasama um LIVE styrki Evrópusambandsins. Íslendingar geta sótt um slíka styrki. Framkvæmdastjóri Fuglaverndar fór ásamt framkvæmdastjóra Votlendissjóðsins og fleiri aðilum til Skotlands í september þar sem endurheimt votlendis og landslagsheilda var umræðuefni.

Samstarf við Umhverfissráðuneytið og ríkisstofnanir

Umhverfissráðuneytið hélt einn fund með umhverfisverndarsamtökum á árinu. Fuglavernd hefur verið í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun þar sem fjallað er um ástand rjúpnastofnsins.

Fuglar

Í júní 2021 kom út 13. tölublað af tímariti félagsins og þar má finna m.a. niðurstöður úr Garðfuglakönnunum síðustu ára og ítarlega grein um fuglategundir sem hafa verið stimplaðir tjónfuglar og hvaða meðferð slík flokkun hefur réttlætt.

Sýningar, fræðslugöngur og viðburðir

Eins og fyrri ár voru tiltektardagar, viðburðir, fræðslugöngur og fræðslufundir skipulagðir en vegna fjöldatakmarkanna og smitvarna þá féllu margir þessara viðburða niður. Garðfuglahelgin var haldin 28. til 31. janúar. Fólk var þá beðið að skrá yfir eina klukkustund þá fugla sem heimsóttu garða þeirra. Þátttaka var mjög góð og alls tóku 210 manns þátt og töldu fugla í 159 görðum og samtals sáu 22 tegundir fugla og við fengum ágæta umfjöllun fjölmiðla um verkefnið. Á útmánuðum var kosinn fugl ársins og bærust fjölmargar vel rökstuddar tillögur frá almenningi. Tuttugu tegundir voru valdar af almenningi til að keppa um titilinn fugl ársins 2021 og heiðlóan hreppti þann titil. Þetta verkefni var sérstaklega velheppnað og vakti verskuldaða athygli almennings. Arlegur tiltektardagur

við Tjörnina í Reykjavík var 17. apríl og á annan tug manna mætti til að safna rusli og huga að bakkavörnum í friðlandinu í Vatnsmýri. Í júní var farið í fuglaskoðun frá Norræna húsinu niður á Reykjavíkurhöfn í samstarfi við gönguhópinn *Vesen og vergang*. Garðfuglakönnun hófst 23. október 2021 og mun standa yfir til 23. apríl 2022. Á alþjóðlega farfugladeginum þann 9. október var Fuglavernd með leiðsögn við Garðskaga. Garðfuglahelgi að hausti var 5. til 7. nóvember og alls tóku 39 manns þátt og töldu fugla í 37 gördum og sáu samtals 17 tegundir. Fræðslustund um garðfugla var haldin þann 10. nóvember í húsakynnum Fuglaverndar við Hverfisgötu.